

Aðalfundur U.M.F. Tindastóls

31.mars 2025 fyrir árið 2024

Mættir voru : Magnús Barðdal, Guðlaugur Skúlason, Sigurlína Erla Magnúsdóttir, Gunnar Traustason, Stefán Árnason, Sigríður Inga Viggósdóttir, Þorvaldur Gröndal, Grétar Karlsson, Laufey Harðardóttir, Freyja Rut Emilsdóttir, Helgi Jóhannesson, Ingi Björgvin Kristjánsson, Jónas Logi, Thelma Knútsdóttir, Hrefna Reynisdóttir, Hallur Atli Helgason og Helgi Freyr Margeirsson

1. Formaður setur fundinn.

- a. Magnús Barðdal formaður aðalstjórnar setur fundinn og biður fólk velkomið

2. Kosinn fundarstjóri

- a. Magnús leggur til að Guðlaugur Skúlason verði fundarstjóri, samþykkt samhljóða.

3. Kostinn fundarritari

- a. Magnús leggur til að Sigurlína Erla Magnúsdóttir verði fundarritari, samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.

- a. Guðlaugur Skúlason fer yfir fundargerð síðasta aðalfundar, fundargerðin borin upp til samþykktar og var samþykkt samhljóða.

5. Formaður flytur ársskýrslu félagsins

- a. Magnús formaður flytur ársskýrslu félagsins.

6. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar.

- a. Lið frestað þar til síðar á fundinum þar sem gjaldkeri félagsins kom seinna vegna árshátíðar 1.bekkjara Árskóla
- b. Fundarstjóri fer yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

7. Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar.

- a. Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins, spurt út í gjald vegna heimasíðu og hýsingar. Yfirfarið og rætt mikilvægi þess.

8. Tillögur lagðar fyrir fundinn

- a. Engar tillögur bornar upp og liður fellur því niður.

9. *Veittar viðurkenningar og styrkur (Starfsbikar Tindastóls og Minningarsjóður Rúnars*

- a. Styrkir veittir úr Minningarsjóði Rúnars Inga, sjö umsóknir bárust í sjóðinn og fimm þeirra hlutu styrk hvert um sig 75.000 kr. Styrkhafar að þessu sinni eru; Hallur Atli Helgason - körfubolta, Jóhanna María Grétarsdóttir Noack - júdó, Fjóla Indíana Sólbergdóttir – hestar, Emma Katrín Helgadóttir - badminton og Klara Sólvegi Björgvinsdóttir – körfubolta. Þau eru öll í eða á leiðinni í verkefni.
- b. Starfsbikarinn fyrir árið 2024 hlýtur Viggó Jónsson fyrir sitt góða og óeigingjarna starf í þágu félagsins bæði þegar kemur að sjálfböðastarfi, koma Tindastól TV á laggirnar og komið að uppbyggingu á skíðasvæðinu ásamt fleiri góðum verkefnum.

10. *Kaffihlé*

11. *Umræður og afgreiðsla tillagna.*

- a. Átti ekki við fundinn.

12. *Lagabreytingar.*

- a. Engar lagabreytingar á þessum fundi.

13. *Gjaldkerfi leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar.*

- a. Formaður fer yfir fjárhagsáætlun næsta árs sem gjaldkeri útbjó, enginn kveður sér hljóðs vegna fjárhagsáætlunarinnar sem slíka en umræða um merkingu á Síkinu okkar. Fólk sammála um mikilvægi þessa verkefnis. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

14. *Ákveðin árgjöld félagsins.*

- a. Lagt til að félagsgjald haldist óbreytt, 3.500 kr. – samþykkt samhljóða.

15. *Stjórnarkjör aðalstjórnar*

- a. *Kostinn formaður*
Magnús Barðdal gefur kost á sér áfram og enginn mótframboð, samþykkt samhljóða.
- b. *Kosinn gjaldkeri*
Stefán gefur kost á sér áfram, engin mótframboð, samþykkt samhljóða.

c. *Meðstjórnendur*

Guðlaugur Skúlason, Sigurlína Erla og Gunnar Traustason gefa kost á sér áfram, engin mótframboð, samþykkt samhljóða.

16. *Kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara.*

- a. Birgir Rafnsson og Margeir Friðriksson kosnir áfram sem skoðunarmenn og Grétar Karlsson og Gunnar Þór Gestsson til vara, samþykkt samhljóða.

17. *Önnur mál*

- a. Umræða um frístundarstrætó sem er á ferðinni frá Hofsós og Varmahlíð á þriðjudögum og föstudögum sem hafa verið vel nýttar. Gott verkefni og góð umræða og athuga möguleika á hvaða leiðir eru færar hvort væri hægt að tengja þetta inn í fleiri æfingar ásamt körfu- og fótbolta. Þyrfti að bæta félagsaðstöðu félagsins fyrir þessa krakka þegar kemur að bið fyrir og eða eftir æfingar, bæði fyrir aðkomu krakka og heimakrakka.

- b. Hver er framtíð félaganna í Skagafirði, samvinnan er farin af stað jafnframt við Hvöt, Fram og Kormák undir merkjum THK. Tindastóll orðið stórt merki með þrjú lið í efstu deildum Íslands.

- c. Halda áfram samræðunni með félagsaðstöðu félagsins og uppbyggingu á rýmum sem hægt væri að hafa fundi fyrir deildirnar, hittinga hjá liðum og aðstöðu fyrir krakka.

Hver er íþróttastefna Skagafjarðar, hvar erum við í röðinni í stækkun á mannvirkjum.

Við sem Tindastóll í heild sinni myndum setjast niður saman og gera góða þarfagreiningu og koma fram með á hverju mesta þörfin er og myndum koma fram með niðurstöðu og leggja fram til Sveitarfélagsins. Hefja samtalið og setja fram ályktun hvar þörfin er mest og hvað hægt sé að gera svo sem myndi nýtast öllum deildum félagsins.

- d. Samningurinn við Jako – samningur ennþá í gildi og þjálfarar eiga alltaf að geta gengið að afslætti með varning.

- e. Aðgengi aðalstjórnar að Abler, hugmynd að setja upp spjall fyrir formann allra deilda til að koma upplýsingum auðveldlega sín á milli.

Fundarstjóri slítur fundinum og þakkar öllum þeim sem mættu fyrir komuna og góðar umræður.

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar UMF Tindastóls koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu aðalstjórnar UMF Tindastóls í lok árs 2024 og rekstri aðalstjórnar á árinu 2024.

Stjórn aðalstjórnar UMF Tindastóls staðfestir ársreikning þennan fyrir árin 2024 með áritun sinni hér fyrir neðan.

Sauðárkóki 25. mars 2025

Í stjórn:



Magnús Barðdal, formaður



Stefán Arnason, gjaldkeri



Sigurlína Erla Magnúsdóttir, ritari

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og gerum engar athugasemdir. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2024 og efnahagsreikningi 31. desember 2024. Við teljum að ársreikningurinn gefi rétta mynd af afkomu Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2024 og efnahag í árslok 2024.

Sauðárkóki 25. mars 2025



Björgólfur Arnarsson



Margeir Friðriksson

Rekstrarreikningur ársins 2024

		2024	2023
Rekstrartekjur:			
Fjárafnanir			
Lottó		3.013.947	4.106.235
		<u>3.013.947</u>	<u>4.106.235</u>
Styrkir:			
Svf. Skagafjörður, húsaleigustyrkur	1	52.644.996	46.253.832
Svf. Skagafjörður, styrkur til deilda		0	134.000
Kaupfélag Skagfirðinga		4.200.000	4.200.000
Félagsgjöld		395.500	0
		<u>57.240.496</u>	<u>50.587.832</u>
Tekjur samtals:		60.254.443	54.694.067
Rekstrargjöld:			
Húsaleigustyrkur	1	52.644.996	46.253.832
Styrkir til deilda	2	11.700.000	4.200.000
Heimasíða tindaðstóll.is		1.040.268	1.014.671
Prentun, ritföng, auglýsingar og sími	3	55.342	45.219
Þjónustugjöld banka	4	79.666	19.085
Stjórnunarkostnaður	5	109.125	41.711
Annar kostnaður	7	59.773	35.760
		<u>65.689.170</u>	<u>51.610.278</u>
Rekstrarniðurstaða		(5.434.727)	3.083.789
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		132.243	125.540
Fjármagnstekjuskattur		(29.094)	(27.616)
		<u>103.149</u>	<u>97.924</u>
(Tap) hagnaður ársins		(5.331.578)	3.181.713

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir		31.12.2024	31.12.2023
Fastaffjármunir:			
Geymslukoð á íþróttavelli	8	25.000	25.000
		<u>25.000</u>	<u>25.000</u>
Veltuffjármunir:			
Bankareikningar			
Arion banki, nr. 140		4.769.564	9.581.410
Arion banki, nr. 16366		362.183	29.654
Arion banki, nr. 1481		35	35
		<u>5.131.782</u>	<u>9.611.099</u>
Viðskiptakröfur			
Ófgreitt til ÍR		0	0
Krafa á deildir	9	2.131.305	1.688.991
Viðskiptakröfur	10	0	4.200.000
		<u>2.131.305</u>	<u>5.888.991</u>
Veltuffjármunir samtals		<u>7.263.087</u>	<u>15.500.090</u>
Eignir samtals		<u>7.288.087</u>	<u>15.525.090</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé:			
Flutt frá fyrra ári		12.545.594	9.363.881
Aðkoma ársins		(5.331.578)	3.181.713
Eigið fé samtals		<u>7.214.016</u>	<u>12.545.594</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddir reikningar	11	72.071	40.074
Skuld við deildir	12	2.000	2.939.422
Skammtímaskuldir samtals		<u>74.071</u>	<u>2.979.496</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>7.288.087</u>	<u>15.525.090</u>

Skýringar

	2024	2023
1. Húsaleigustyrkur		
Íþróttahúsið á Sauðárkróki.....	19.947.996	17.526.000
Skíðasvæðið í Tindastóli.....	6.021.000	5.058.000
Íþróttavöllurinn á Sauðárkróki.....	15.429.000	13.555.836
Sundlaug Sauðárkróks.....	5.757.000	4.824.000
Íþróttahúsið í Varmahlíð.....	5.490.000	5.289.996
	52.644.996	46.253.832
2. Styrkir til deilda		
Knattspyrnudeild.....	1.721.032	0
Barna- og unglingaráð knattspyrnu.....	2.382.807	1.274.600
Körfuknattleiksdeild.....	1.660.378	0
Unglingaráð körfuknattleiksdeilda.....	2.357.070	1.260.578
Frjálsíþróttadeild.....	1.781.504	751.107
Skíðadeild.....	228.114	138.807
Sunddeild.....	460.227	293.050
Júdo.....	366.911	204.244
Bogfimi.....	191.200	78.045
Badminton.....	550.757	199.569
	11.700.000	4.200.000
3. Prentun, ritföng, auglýsingar og sími		
Auglýsingar.....	55.342	45.219
	55.342	45.219
4. Þjónustugjöld banka og dráttavextir		
Sedil- og þjónustugjöld.....	75.356	6.776
Dráttavextir.....	4.310	12.309
	79.666	19.085
5. Stjórnunarkostnaður		
Kostnaður við bókhald og reikningsskil.....	94.519	41.711
Formannafundur.....	14.606	0
	109.125	41.711

Skýringar

	2024	2023
7. Annar kostnaður		
Pósthólfaleiga.....	27.810	25.810
Annar kostnaður.....	31.963	9.950
	<u>59.773</u>	<u>35.760</u>
8. Afskriftir fastafjármuna		
	<u>Geymslukofi</u>	<u>Geymslukofi</u>
Stofnverð 1/1.....	250.000	250.000
Afskrifað alls 1/1.....	-225.000	-225.000
Afskrifað á árinu.....	0	0
Bókfært verð 31/12.....	<u>25.000</u>	<u>25.000</u>
Stofnverð alls 31/12.....	250.000	250.000
Afskrifað alls 31/12.....	-225.000	-225.000
Bókfært verð 31/12.....	<u>25.000</u>	<u>25.000</u>
9. Krafa á deildir		
Körfuknattleiksdeild.....	450.608	432.942
Unglingaráð körfuknattleiksdeilda.....	1.060.558	699.979
BUR, knattspyrudeild.....	89.910	89.910
Knattspyrnudeild.....	466.159	466.160
Skíðadeild.....	64.070	0
	<u>2.131.305</u>	<u>1.688.991</u>
10. Viðskiptakröfur		
Kaupfélag Skagfirðinga.....	0	4.200.000
	<u>0</u>	<u>4.200.000</u>
11. Ógreiddir reikningar		
Stefna ehf.....	23.137	0
Opin kerfi.....	48.934	40.074
	<u>72.071</u>	<u>40.074</u>
12. Skuld við deildir		
Badmintondeild Tindastóls.....	0	199.569
Bogfimideild Tindastóls.....	0	78.045
BUR - Barna og unglingadeild knattsp.....	0	1.274.600
Frjálsíþróttadeild.....	0	751.107
Júðódeild Tindastóls.....	2.000	204.244
Skíðadeild.....	0	138.807
Sunddeild.....	0	293.050
	<u>2.000</u>	<u>2.939.422</u>

Fjárhagsáætlun Aðalstjórnar UMF Tindastóls 2025

		2024		2025
		Áætlun	Raun	Áætlun
Lottó tekjur	Fjáraflanir	4.000.000	3.013.947	3.000.000
		4.000.000	3.013.947	3.000.000
Svfr. Skagafjörður Kaupfélag Skagfirðinga Félagsgjöld ISI styrkur Annað	Styrkir	46.000.000	52.644.996	52.600.000
		4.200.000	4.200.000	4.200.000
		525.000	395.500	400.000
		-		
		-		
		50.725.000	57.240.496	57.200.000
Tekjur af bifreið Vaxtatekjur (-fjármagnstekjuskatt)	Tekjur	-		
			103.149	-
Húsaleigustyrkur Styrkir til deilda Markaðskostnaður Heimasíða tindastóll.is Annar rekstrarkostnaður	Gjöld	46.000.000	52.644.996	52.600.000
		7.200.000	11.700.000	4.200.000
		-	-	1.750.000
		1.100.000	1.040.268	1.100.000
		150.000	303.906	300.000
		54.450.000	65.689.170	59.950.000
Tekjur Fjáraflanir styrkir		54.725.000	60.357.592	60.200.000
Gjöld		54.450.000	65.689.170	59.950.000
Rekstramiðurstæða		275.000	- 5.331.578	250.000

